

20. júlí 2009  
SÍ-53565

Nefndasvið Alþingis  
[nefndasvið@althingi.is](mailto:nefndasvið@althingi.is)  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 26. júní 2009 óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins 89. mál.

Í frumvarpinu er lagt til að viðskiptaráðuneytið verði að efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Í 2. þætti frumvarpsins er gert ráð fyrir að til ráðuneytisins flytjist forræði efnahagsmála sem nú er bæði í forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti. Einnig er lagt til að til efnahags- og viðskiptaráðuneytis flytjist yfirstjórn Seðlabanka Íslands eins og mælt er fyrir í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum.

Í lögum um Seðlabankann og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi með síðari breytingum er kveðið á um samstarf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins. Seðlabankinn styður að löggjöf um þessar stofnanir heyri undir sama ráðuneytið en með því móti er samþætting á störfum þessara tveggja stofnana auðvelduð. Seðlabankinn tekur einnig undir sjónarmið Kaarlo Jännäri um samruna eða a.m.k. mun nánara samstarf Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins.

Þá styður Seðlabankinn að löggjöf um málefni sem varða fjármálamarkaðinn verði á höndum hins nýja efnahags- og viðskiptaráðuneytis enda ætti slíkt að leiða til meiri samræmingar.

Velvirðingar er beðist að ekki tókst að skila inn umsögn með máli þessu fyrr.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Øygaard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri